

Viðtals- og skráningargrunnur B

Læsi – Leið B

1 Stig 2 3

Nemendur sem lesa og skrifa



Nafn nemanda.....



Viðtals- og skráningargrunnur B

Notið þennan grunn fyrir nemendur sem lesa og skrifa ef Verkefni B er til þýtt á tungumál sem nemandinn kann.

Upplýsingar til þín sem framkvæmir matið

Viðtals- og skráningargrunnur B notar þú fyrir nemendur sem geta lesið og skrifað samkvæmt Stigi 1.

Notaðu grunninn með *Verkefni B – Textahefti og Matsgrunni fyrir Verkefni B*.

Hér fylgja leiðbeiningar um hvernig þú leggur verkefnin fyrir ásamt spurningum um læsisreynslu nemandans. Þú spyrð spurninganna þegar nemandinn hefur lokið fyrsta verkefninu í textaheftinu sem þú hefur valið. Spurningarnar eru úr þeim texta sem nemandinn las. Því næst heldur þú áfram með næstu verkefni. Skráðu læsisreynslu nemandans hér í grunninn og niðurstöður hans í matsgrunninn í viðkomandi verkefnum. Mundu eftir að skrá nákvæmlega þannig að aðrir geti nýtt sér skráninguna. Strikaðu yfir spurningar sem þú notar ekki í matinu.

Undirbúningur

- Lestu viðtals- og skráningargrunninn Stöðumat einstaklings fyrir Stig 1 og taktu sérstaklega fram ef nemandinn getur lesið og skrifað fleiri en eitt tungumál og hvort hann er vanur stafrænum tækjum.
- Veldu textahefti sem hæfir nemandanum.
- Prentaðu út textaheftið (frásögn og svarblað nemandans) öðrum megin á blaðsíðu og í lit.
- Prentaðu út matsgrunninn fyrir textaheftið sem þú hefur valið.
- Taktu fram myndir sem fylgja (prentað út öðru megin á blað og í lit eða sýndu stafrænt), annað efni og stafræna texta á tungumáli nemandans ef þú hefur aðgang að slíku. Það getur verið léttara fyrir nemandann og túlkinn að nota útprentað efni en stafrænt.
- Hafðu við höndina blýant og strokleður fyrir nemandann.

Upplýsingar til nemandans

- Segðu frá því að þið munið ræða saman um reynslu nemandans af lestri og ritun og að hann eigi að gera nokkur verkefni.
- Skýrðu frá því að skólinn hafi áhuga á að vita hvað nemandinn hefur lesið og skrifað áður og hvernig hann les til að geta stutt hann á réttan hátt í námi.
- Útskýrðu að nemandinn geti alltaf spurt ef eitthvað er óljóst.
- Útskýrðu að nemandinn hafi frjálst val að svara spurningunum og að hann geti hvenær sem er hætt ef hann vill ekki halda áfram.
- Útskýrðu hlutverk túlksins.

Læsisreynsla nemandans

1. Lestrarvenjur og reynsla af mismunandi textagerð



Tilgangur: Að kanna hvað nemandinn hefur lesið í eða utan skóla og hversu vanur hann er að lesa. Svörin geta sýnt fram á getu nemandans til að skilja mismunandi texta í skólanum.



- Nú hefur þú lesið frásögn/staðreyndatexta sem lýsir/skýrir ... (laga að textanum sem nemandinn las). Hefur þú lesið slíkan texta áður?
- Hefur þú lesið annars konar texta í skólanum eða heima? (t.d. námsbækur, skáldsögur, ævintýri ljóð, dagblöð, annað?)

Dæmi um stuðningsspurningar:

- Ert þú vanur að lesa annars konar bækur?
- Hvað lest þú helst?
- Lestu dagblöð? Hvað þá helst í blöðunum?
- Lestu eitthvað þegar þú ert ekki í skólanum?
- Er eitthvað sem þér finnst skemmtilegast að lesa?
- Lest þú eða skoðar eitthvað af því sem þú sérð á myndum, í skólanum, heima eða annars staðar?

Bækur (námsefni)

Athugasemd:

.....

.....

Bækur (önnur gerð lýsingar og skýringartexta ...)

Athugasemd:

.....

.....

Bækur (fagurbókmenntir)

Athugasemd:

.....

.....

Tímarit/dagblöð

Athugasemd:

.....

.....

Töfluskript

Athugasemd:

.....
.....

Annað

Athugasemd:

.....
.....

-
- Spurðu eftirfarandi spurninga ef nemandinn hefur notað stafræna tækni (sjá svar í Stigi 1):
-



- Ert þú vanur að lesa á tölvu, spjaldtölvu eða síma?
- Getur þú sagt frá hvað þú lest?

Stafrænn lestur: Já Nei

Athugasemd:

.....
.....

2. Hæfni til að nýta lestur og ritun

Tilgangur: Að kanna hvernig nemandinn hefur nýtt lestrar- og skrifargetu sína við textalestur í skóla. Hvaða reynslu hefur nemandi af endursögnum og rökræðum um innihald texta? Svörin gefa til kynna á hvern hátt nemandinn er vanur að nota lestrar- og skriftarkunnáttu sína og hvaða möguleika hann hefur til að nýta sér mismunandi leiðir í lestri texta í skólanum.



Spurðu eftirfarandi spurninga:

- Nú hefur þú lesið upphátt og svarað spurningum. Þú hefur einnig sagt frá, með eigin orðum, hvað textinn fjallar um og við höfum rætt hann.
- Þegar þú last texta í skólanum – hvað gerðir þú þá?

Stuðningsspurningar:

- Last þú upphátt?
- Svaraðir þú spurningum um efnið (munnlega og/eða skriflega)?
- Sagðir þú frá með eigin orðum um hvað textinn fjallaði?
- Skrifaðir þú um hvað þú last? Voru það svör við spurningum? Eða eigin texti?
- Ræddi bekkurinn um það sem þið höfðuð lesið? T.d. hvað ykkur fannst um það sem þið lásuð?

Upplestur

Athugasemd:

.....

.....

Svara spurningum

Athugasemd:

.....

.....

Endursögn og samantekt

Athugasemd:

.....

.....

Utanbókarlærdómur

Athugasemd:

.....

.....

Rökræða

Athugasemd:

.....

.....

 Annað

Athugasemd:

.....

.....

3. Skriftarvenjur og reynsla af mismunandi textagerðum

Tilgangur: Að kanna hvað nemandinn hefur skrifað í og utan skóla og hversu vanur nemandinn er að tjá sig á rituðu máli. Svör nemandans gefa til kynna hæfni nemandans til að nota ritun sem tæki fyrir nám og samskipti.



- Hefur þú einhvern tíma skrifað eigin texta eins og þann sem þú varst að lesa?
- Hvað hefur þú skrifað af annars konar texta (í skóla eða heima)?

Stuðningsspurningar:

- Hvað hefur þú skrifað um?
- Frásagnir, ljóð? Texta sem þú hefur samið?
- Texta þar sem þú hefur skrifað staðreyndir, t.d. þar sem þú lýsir einhverju eða skýrir eitthvað eða texta þar sem þú færir rök fyrir einhverju?
- Skrifar þú niður það sem kennarinn segir eða skrifar á töfluna? Skrifar þú þá með eigin orðum eða orðrétt eftir kennaranum?

 Eiginn texti (fagurbókmenntir)

Athugasemd:

.....

.....

 Eiginn texti (fræðitextar, t.d. röksemdar-, skýrandi, lýsandi, leiðbeinandi)

Athugasemd:

.....

.....

 Glósur

Athugasemd:

.....

.....

Skrifað eftir upplestri

Athugasemd:

.....

.....

Stytttri svör við spurningum

Athugasemd:

.....

.....

Annað

Athugasemd:

.....

.....

-
- Spurðu nemandann hvort hann hafi notað stafræna tækni (út frá svári nemandans í Stigi 1):



- Skrifar þú á tölvu, spjaldtölvu eða síma? Hvað skrifar þú þá?

Stafræn ritun: Já Nei

Athugasemd:

.....

.....

4. Upplýsingaöflun

Tilgangur: Að kanna hvort nemandinn hefur einhverjar leiðir við að afla sér upplýsinga í skriflegar heimildir. Svörin geta sýnt fram á hvort nemandinn hafi hæfni til að nota mismunandi heimildir í námi og upplýsingaöflun.

Spurðu eftirfarandi spurningar hvort sem nemandinn hefur notað stafræna tækni eður ei:



- Ef þú vilt afla meiri upplýsinga um efni textans (eftir fyrsta verkefni), hvernig myndir þú gera það?

Dæmi um stuðningsspurningu:

- Ef þú vilt vita meira um t.d. ljón eða sporðdreka, hvernig myndir þú gera það?

Athugasemd:

.....

.....

.....

5. Lestur og skrift á öðrum tungumálum



Tilgangur: Að kanna hvort nemandinn geti notað fleiri en eitt tungumál fyrir nám og samskipti. Svör nemandans sýna hvaða tungumál hann getur nýtt sér.

Spurðu eftirfarandi spurninga um lestrar- og skrifargetu nemandans á fleiri tungumálum. (Sjá svör í Stigi 1.)



- Þú hefur sagt að þú getir lesið og skrifað á X (tungumál sem nemandinn hefur gefið upp í Stigi 1)
- Getur þú lesið þennan texta á X?
- Hvað lest þú á X?
- Skrifar þú líka á X? Og hvað þá?
- Hvaða tungumáli þykir þér best að lesa og skrifa á? Af hverju velurðu það tungumál?

Athugasemd:

.....

.....

.....

.....

.....

.....

- Haltu áfram með verkefnin.
- Afhentu nemandanum og túlkinum næsta verkefni úr textaheftinu. Í þetta skipti þarf nemandinn ekki að lesa upphátt.
- Ef tími gefst getur þú spurt eftirfarandi spurninga þegar þið hafið lokið við verkefnið. Spyrið aðeins ef upplýsingarnar hafa ekki þegar komið fram í fyrri svörum nemandans. Ef svo er, haltu þá áfram með næsta verkefni.

Verkefni 2 Texti:**Textahefti:**

- Hefur þú lesið slíkan texta áður? (T.d. frásagnir, staðreyndatexta o.fl.)
- Hefur þú skrifað slíkan texta áður? (Þar sem þú segir frá, lýsir, útskýrir eitthvað o.s.frv.)

Fyrir vel læsa eldri nemendur:

- Getur þú sagt mér hvar maður gæti lesið slíkan texta?

Athugasemd:

.....

.....

- Ef þú metur það svo að nemandinn geti ráðið við erfiðari texta, haltu þá áfram með næsta verkefni.
- Spurðu eftirfarandi spurninga ef þessar upplýsingar eru ekki þegar komnar fram í fyrri svörum nemandans.

Verkefni 3 Texti:**Textahefti:**

- Hefur þú lesið slíkan texta áður? (T.d. frásagnir, staðreyndartexta o. fl.)
- Hefur þú skrifað slíkan texta áður? (Þar sem þú segir frá, lýsir, útskýrir eitthvað o.s.frv.)

Fyrir vel læsa eldri nemendur:

- Getur þú sagt mér hvar maður gæti lesið slíkan texta?

Athugasemd:

.....

.....

- Haltu hugsanlega áfram með fleiri verkefni.

6. Lok

- Nú hefur þú lesið nokkra texta og svarað spurningum og við höfum rætt um hvað þú hefur lesið og skrifað áður.
- Er eitthvað fleira sem þú vilt segja frá um hvað þú hefur lesið og skrifað?
- Er eitthvað sem þú vilt spyrja um?

Athugasemd:

.....

.....